

Lagt til að 1700 fjár verði skorið

Allt fé á 4 bæjum á Austurlandi, 3 stöðum í Ölfusi og hjá nokkrum fjáreigendum í nágrenni Reykjavíkur

SAUÐFJÁRSJÚKDÓMANEFND hefur gert um það tillögu til landbúnaðarráðherra að aflað verði fjár til að standa straum af niðurskurði allt að 1700 fjár nú í haust vegna riðuveiki í sauðfé. Leggur nefndin til að allt fé verði skorið niður á bænum Brú á Jökuldal, en þar eru um 800 fjár, og á þeim bæjum í Fáskrúðsfjarðarhreppi, sem standa við Reyðarfjörð, þar sem riðuveiki hefur fundist í fé en staðfest hafa verið tilfelli um riðuveiki í fé á þremur bæjum þar og er milli 300 og 400 fjár í allt á þessum bæjum. Þá leggur nefndin til að allt fé verði skorið niður hjá þeim fjáreigendum í Ölfusi og í nágrenni Reykjavíkur þar sem riðuveiki hefur fundist í fé, og er þar um að ræða þrjú fjáreigendur í Ölfusi með alls 200 fjár en ekki er alveg ljóst enn hjá hvað mörgum fé verður skorið í nágrenni Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður við þennan niðurskurð og lagfæringar á varnargirðingum, sem Sauðfjársjúkdómanefnd leggur til að gerðar verði, kosti á þessu ári og næstu alls nær 65 milljónir króna en aðeins hluti þess kostnaðar kemur til greiðslu á þessu ári. Þeir bændur, sem eiga fé sem skorið verður, fá bætur fyrir féð og eru þær nokkuð breytilegar eftir aldri ána en næri lætur að meðalbóta-greiðslur séu um 15.000 krónur fyrir ána. Þá má ekki hafa sauðfé á þeim bæjum, þar sem skorið verður, næstu tvö árin og jafnvel ekki fyrr en að þremur árum liðnum og samkvæmt lögum eiga bændur, sem fyrir því verða, rétt á afurðabótum þau ár, sem þeir mega ekki hafa fé á jörðum sínum.

Í tillögum sínum gerir Sauðfjársjúkdómanefnd ráð fyrir að varnargirðing, sem liggur frá Ölfusi, upp

með Sogi, Þjóðgarðinum á Þingvöllum, upp á Bláskógahéiði og í Hvalfjörð, verði lagfærd en viðhald þessarar girðingar hefur verið lítið undanfarin ár vegna takmarkaðra fjárráða Sauðfjárveikivarna. Þá er lagt til að sett verði upp 5 ristarlið við brýr á Jökulsá á Brú og tvö ristarlið við Lagarfliót.


Þar sem aðeins verður skorið niður í haust á þeim stöðum í Ölfusi og við Reykjavík, þar sem riðuveiki hefur fundist, leggur nefndin til að gerð verði spjaldskrá yfir allt fé í Landnámi Ingólfs og fái hver kind sitt númer. Eigendur fjáris mega þá ekki farga neinni kind nema að höfðu samráði við dýralækni. Er þetta gert til að hindra að fjáreigendur geti fargað ám, sem eru með riðuveiki, án þess að dýralæknir fái um það vitneskju. Sem fyrr sagði, verður nú aðeins skorið fé hjá

þremur mönnum í Ölfusi eða um 150 kindur á bænum Hjarðarbóli og hjá tveimur fjáreigendum í Hveragerði. Þá verður fé skorið niður hjá fjáreigendum í Reykjavík og nágrenni, þar sem riðuveiki hefur fundist í fé, en veikin hefur fundist í kindum hjá sex fjáreigendum í Fjárborgunum en alls eru fjáreigendur þar um 30. Þá hefur riðuveiki fundist í fé hjá einhverjum fjáreigendum í nágrenni Reykjavíkur utan Fjárborganna og verður það fé skorið. Ekki er vitað hve margt fé verður skorið niður í nágrenni Reykjavíkur en talið er að það verði innan við 300.

Eins og áður kom fram, má ekki vera með sauðfé á þeim jörðum og í þeim húsum, þar sem veikinnar hefur orðið vart, í 2 ár og jafnvel 3 ár. Þegar skorið var niður vegna mæðuveiki á sínum tíma voru viðkomandi svæði höfð sauðlaus í 1 ár en það dugði sums staðar en annars staðar kom veikin upp á ný.

Er því lagt til að sýkt svæði verði sauðlaus að lágmarki í 2 ár og gæti jafnvel farið svo að árin yrðu látin verða þrjú. Þá má ekki gefa sauðfé hey af tünnum þeirra bæja, þar sem riðuveiki hefur fundist, og verja verður bithaga fyrir sauðfé. Heyið má hins vegar gefa kúm og hrossum.

Fulltrúar Sauðfjárveikivarna, Sigurður Sigurðsson, dýralæknir, og Kjartan Blöndal, framkvæmdastjóri, fara um helgina til Austurlands ásamt Hauki Jörundarsyni, skrifstofustjóra í landbúnaðarráðuneytinu, og verða haldnir fundir með bændum og forsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu vegna aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu riðuveikinnar. Á föstudag verður fundur með bændum á Jökuldal, á laugardag verður fundur með oddvitum á svæðinu frá Reyðarfirði og suður um til Breiðdalsvíkur og með oddvitum á svæðinu norðan Reyðarfjarðar á Egilsstöðum á sunnudag.



Hringnótaveiðarnar stefna í óefni:

Aðeins 22 af um 100 bátum eru byrjaðir

AF ÞEIM tæplega 100 bátum, sem fengu leyfi til hringnótaveiða á síld fyrir Suðurlandi í haust, hafa aðeins 22 byrjað veiðarnar og aðeins 10 bátar fengið einhvern afla. Leyfi til veiðanna er veitt frá 20. september til 20. nóvember. Að sögn Jóns B. Jónssonar, deildarstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, stefnir í algert óefni vegna þess hve fáir bátar hafa byrjað veiðarnar. Er til alvarlegrar athugasemjar í ráðuneytinu að kalla inn leyfi frá bátum sem ekki haaf byrjað veiðar um næstu mánaðamót og auka við kvóta hinna, en hver bátur hefur heimild til að veiða 210 tonn.

Sölusamningar hafa verið gerðir á Suðurlandssíldinni og fer hún að miklu leyti til Svíþjóðar og Sovétríkjanna, eða 120 þúsund tonn en einnig til nokkurra annarra landa í minna mæli. Hringnótabátarnir hafa heimild til að veiða 20 þúsund tonn, en af því magni hafa aðeins veiðst um 8–900 lestrir. Sölusamningarnir eru að talsverðu leyti háðir því að síldin komist á markað fyrir

áramót. Í fyrra var mun meiri kraftur í síldveiðunum, en veiði hefur verið tregari í haust og skipin farið seinna af stað.

— Það stefnir í hálfgerð óefni

Eldur í báti í Njarðvíkurhöfn í gær


ELDUR kom upp í bátum Boða KE 132 þar sem hann lá við bryggju í Njarðvíkurhöfn. Brunavarnir Suðurnesja fengu tilkynningu um eldinn kl. 14.05 í gær og tók það rúma hálf klukkustund að ráða niðurlögum hans.

Að sögn lögreglunnar urðu nokkrar skemmdir á gangi af völdum eldsins, en mestar skemmdir urðu af reyk. Talið er að kviknað hafi í út frá logsudutæki, sem verið var að vinna við um borð.

hvað hringnótaveiðarnar snertir, sagði Jón B. Jónsson í gær. —

Beztu síldin hefur undanfarin ár veiðst í október, en eins og málin standa nú er ekkert útlit fyrir að nema lítill hluti kvótans fáiist í mánuðinum. Þá er nauðsynlegt að dreifa veiðinni sem mest á veiðitímabilið vegna afkastagetu í landi. Sölusamningar eru margir hverjir háðir því að síldin komist á markað ytra fyrir áramót og ef svo heldur sem horfir eru litlar líkur á að það takist.

— Það má fastlega gera ráð fyrir að fyrir 1. nóvember verði veiðileyfin endursköðuð. Þeir bátar sem þá hafa ekki byrjað veiðar missi leyfi sín, en kvótinn verði hækkaður hjá hinum bátunum. Við þurfum að nýta tímann fram til 20. nóvember sem best og það þarf enginn að reikna með framelngingu á veiðitímanum þó svo að viðkomandi bátur hafi ekki náð upp í kvóta sinn á veiðitímanum, sagði Jón B. Jónsson að lokum.



Ein af Dali-myndunum á sýningunni, en mikil litadýrd er í sumum þeirra.

Salvador Dali á Kjarvalsstöðum

100 mynda sýning opnuð um helgina

SÝNING á 100 myndum eftir Salvador Dali verður opnuð á Kjarvalsstöðum n.k. laugardag kl. 3, en sýningin mun standa til 5. nóvember. Einnig eru höggmyndir og veggteppi eftir meistara Dali á sýningunni, en myndirnar eru flestar grafískar og m.a. er myndaflokkur um hinn guðdómlega gleðileik Dantes.

Verð myndanna er frá 80 þús. til 400 þús. kr., en engin málverk eftir Dali eru á þessari sýningu sem kemur hingað frá Norðurlöndunum.

Dali



Konrád Axelsson tekur upp myndirnar á Kjarvalsstöðum, en fyrr hefur Dali-sýning ekki komið til Íslands.